

## Svæðisgarðar í Noregi



Viðauki við greinargerð um fund í Noregi  
hjá Foreningen Norske parker  
í Finnskogen 2. – 3. nóv. 2011

Björg Ágústsdóttir tók saman

Um svæðisgarða í Noregi má líka lesa  
á "ytri vef" um svæðisgarða, sjá [hér](#).

Formlega teljast þrjár svæðisgarðar stofnaðir í Noregi, en auk þess eru til landslagsgarðar í Hordaland sem flokkaðir eru sem „lokal park“ – eru innan eins sveitarfélags hver garður - og fara í flokk með svæðisgörðum.

## 1. Valdres natur- og kulturpark

Valdres er fyrsti svæðisgarðurinn sem stofnaður var í Noregi, árið 2007. Svæðisgarðurinn byggir á samstarfi 6 sveitarfélaga (kommuner), Oppland fylkis og fulltrúa atvinnulífsins á svæðinu, Valdres Næringsforum. Samstarf þessara aðila byggir á samningi (charter) sem nær til tíu ára (2007 - 2017). Fjögur ráðuneyti hafa stutt við Valdres svæðisgarðinn (MD, LMD, KRÐ, NHD).

Í samtali (BÁ, nóv. 2011) við forsvarsmann hjá Valdres, sem er jafnframt formaður samtaka norsku garðanna kom fram, að áður en ákvörðun var tekin um stofnun svæðisgarðs, þá fór um 25 manna hópur í heimsókn til Frakklands til að kynna sér starfsemi svæðisgarða - árið 2005. Þetta voru bændur, ferðaþjónustuaðilar, sveitarstjórnarmenn og fleiri af Valdres-svæðinu, og sagði formaðurinn að þessi ferð og sá lærdómur sem þar hefði fengist, hefði gert útslagið fyrir ákvörðun heimamanna um að stofnun svæðisgarðs væri rétta skrefið. Í máli fleiri Norðmanna kom fram að þeir hafa mjög leitað að erlendum fordæmum, farið í heimsóknir, einkum til Sviss, Bretlands og Frakklands - og er það í takt við greinargerðir sem við höfum séð frá þeim um slíkar heimsóknir og lærdóm.

Forsagan í Valdres er sú, að þar vildu heimamenn bregðast við neikvæðri þróun á svæðinu. Tilgangur með stofnun svæðisgarðs var að útbúa eigin byggðastefnu, fyrir 6 sveitarfélög sem mynda svæðið. Markmið var að stuðla að aukinni verðmætasköpun í heimabyggð. Áhersla var á landbúnað og búrekstur (og ný tækifæri fyrir býli á svæðinu), ferðaþjónustu og búsetugæði.

Einkunnarorð Valdres svæðisgarðsins eru: "Valdres - skjerper sansene" (Valdres - skerpir skilningarvitin) og vísar í hin sterku tengsl milli landslags og upplifunar sem fólk getur notið þar með hjálp allra skilningarvita.

Þá hefur einnig verið þróað vörumerki og upprunavottun - **Valdreskvalitet** - sem nota má á vörur framleiddar á svæðinu að uppfylltum vissum skilyrðum. Í dag eiga um 100 býli hlut í vörumerkinu og nota það á sínar vörur. Býlin stunda markvissa umhverfisvernd og nota meðal annars ekki plágueyða í ræktun sinni. Þá halda þau í hefðbundnar framleiðsluaðferðir, svo sem að beita dýrunum á úthaga, en rannsóknir hafa sýnt að kjöt slíkra dýra bragðast öðruvísi en annarra. Býlin eru merkt með skiltum sem votta að framleiðsla þeirra uppfylli skilyrði vörumerkisins.



Vörumerki Valdres.

Áhrif - reynslan á svæðinu er sú að svæðisgarðurinn hafi:

- laðað að svæðinu nýtt fjármagn (t.d. 2 styrkir upp á 6 millj. NOK - samtals um 250 millj. ÍSK til rannsókna og þróunar á menningarlandslagi og úr sjóði fyrir smærri samfélög (eks. fikk de 6 mill. som del av småsamfunnsatsingen; 6 mill. FoU kulturlandskap)
- leitt af sér margvíslegar nýjungar / stofnun nýrra fyrirtækja
- styrkt samstarf ólíkra aðila
- tengst samtökum garða í Evrópu

*Heimild f. því síðastnefnda: Per Ingvar Haukeland (2010), Senter for natur- og kulturbasert nyskaping, Telemarksforskning-Bø - [kynning](#) frá Kystnasjonalparkseminar 14. oktober 2010.*

## 2. [Nærøyfjorden verdsarvpark](#)

Í Nærøyfjorden var stofnaður svæðisgarður í janúar 2008, en svæðið hafði einnig verið sett á heimsminjaskrá Unesco árið 2001.

Rétt eins og margar dreifðari byggðir á Íslandi bjó Nærøyfjorden í Noregi við fólksflotta og hægan vöxt atvinnulífs. Auk þess átti landbúnaðurinn erfitt uppdráttar og það kallaði á breytingar og spurningar um hvort rétt væri að hverfa frá fjöldaframleiðslu til framleiðslu sérvöru. Með þróun í þá átt sköpuðust möguleikar á áður óþekktri þjónustu við ferðamenn en svæðið hafði fram til þess einkennst af stuttri viðveru ferðamanna og takmarkaðri þjónustu.

Svæðisgarðurinn var stofnaður fyrir tilstilli hóps heimamanna, landeigenda og atvinnurekenda á Aurlandsvæðinu í kjölfar deilna heimamanna og stjórnvalda um svæðið og verndun þess. Þegar Nærøyfjorden var settur á heimsminjaskrá Unesco spratt upp hreyfing heimamanna sem vildu kanna möguleika þess að þróa öflugt atvinnulíf byggt á séreinkennum svæðisins í náttúru, menningu og upplifunum. Formlegir stofnendur eru hins vegar fylkið Sogn og Fjordane, sem er eitt af 19 fylkjum í Noregi, ásamt sveitarfélögunum Aurland, Vik, Lærdal og Voss.



*Myndirnar eru frá SAKTE.*

Í stjórn svæðisgarðsins eru níu fulltrúar, fimm skipaðir af stofnendunum og fjórir tilnefndir af aðalfundi. Þrír af þessum níu fulltrúum skipa einnig framkvæmdaráð garðsins.

Samstarfsaðilar koma úr ýmsum geirum atvinnulífsins, frá íbúum, félagasamtökum og stjórnsýslu/stofnunum í héraðinu. Aðild þeirra byggist á samkomulagi sem felur í sér bindandi samstarf um að kynna og vinna á sjálfbæran hátt skv. gildum heimsminjanna (e. world heritage values) sem svæðið býr yfir. Aðildin er valkvæð fyrir fyrirtæki og stofnanir á svæðinu, en litið er á samstarfið sem grunn fyrir þróun og sköpun nýrra verðmæta. Breið samstaða og sameiginlegur skilningur aðila á verkefninu er forsenda þess að vel takist til. Í dag eru um 30 fyrirtæki og stofnanir aðilar að svæðisgarðinum. Ávinningur þeirra felst einkum í tengslanetinu, vörumerki svæðisgarðsins og verðmætunum sem felast í heimsminjaskrárskilgreiningunni og gæðunum sem hún byggir á. Á [vefnum](#) þeirra má sjá (vinstri spássía) samstarfsaðilana.



Á svæðinu hefur verið unnið mikið í vörubrúun og þróun vörumerkja. Þekktast þeirra er "[Sakte i Aurland](#)" sem er hluti af [Slow Food](#) hreyfingunni, en það eru samtök sem voru stofnuð til höfuðs skyndibitameningunni og til verndar staðbundnum mat og matreiðsluvenjum. Sakte snýst þó ekki aðeins um mat, heldur einnig handverk og upplifunarþjónustu. Sakte þýðir í raun "slowly" eða "rólega" og kemur því ekki á óvart að slagorð Sakte-fólks sé "Ta deg tid" og hvetji fólk til að staldra við og njóta.

Það eru samtök úr atvinnulífinu, Aurland Næringshage AS, sem eru eigendur Sakte-verkefnisins og merkisins.

Vinnan þeirra er gríðarlega flott og fagleg eins og sjá má með því að skoða vefinn þeirra.

*Mynd: Mariannebröd; ein af þátttakendum í SAKTE vörumerkinu.*

Nærøyfjorden svæðisgarðurinn hefur einnig þróað svokallað "verkfærasett fyrir gestgjafa" (n. verktöykasse for vertskap) þar sem safnað hefur verið saman gögnum og skjalfest hvers kyns gæði, skynjun og upplifanir finna má á svæðinu. Aðferðafræðin auðveldar mönnum að koma auga á sérstöðuna sem svæðið hefur að geyma og miðla henni áfram til íbúa og gesta.

[Forest of Bowland](#) er annað dæmi um svæði sem hefur notað svipað verkfærasett (e. toolkit) með góðum árangri. Sjá [hér](#).

Áhrif - það sem Næröyfjorden svæðisgarðurinn hefur leitt af sér:

- aukin jákvæðni, virkni og styrkt sjálfsmynd svæðisins
- arðbær fyrirtæki og ný fyrirtæki (lønnsomme virksomheter og nyetableringer)
- áhersla á landbúnað með aukinni vinnslu (foredling)
- nýtt fjármagn hefur komið inn á svæðið (Verdiskapingsprogram, småsamfunnsatsing, COST-nettverk)

*Heimild fyrir þessu síðastnefnda:*

*Per Ingvar Haukeland (2010), Senter for natur- og kulturbasert nyskaping, Telemarksforsking-Bø - [kynning](#) frá Kystnasjonalparkseminar 14. oktober 2010.*

### **3. Landskapsparkane i Hordaland**

Í flokk með svæðisgörðum hafa einnig verið flokkaðir átta "lokál-garðar" í Hörðalandi sem byggja á sömu hugmynd og útfærslu og kallast landslagsgarðar (landskapspark). Hér er um að ræða þróunarsamstarf á vegum Fylkesmannenn i Hordaland - landbúnaðarsviðs og gengur út á verðmætasköpun á svæðinu. Til samstarfsins var stofnað árið 2006. Það eru einstök sveitarfélög í Hörðalandsfylki sem hafa stofnað landslagsgarðana - þeir eru því nokkurs konar "knippi" af stökum gördum, þar sem hver byggir á sinni sérstöðu. Sveitarfélögin / staðirnir eru Fyksesund, Herand, Stalheim - Sveio, Sæbø - Ulvik, Vikebygd - Hardanger og Åkrarfjorden.

Landslagsgarðarnir í Hörðalandi miða að því að bjóða gestum svæðisins jákvæða upplifun, þar sem saman fer einstæð blanda af náttúrulegu og manngerðu landslagi, og þar sem staðbundnar hefðir, náttúra og menning er höfð í heiðri og nýtt til að búa til eitthvað alveg nýtt eða einstakt. Reynt er að nýta sérkenni og anda staðarins til að auka verðmæti framleiðslunnar eða þjónustunnar sem er boðin á svæðinu.

### **4. Telemarkskanalen Regionalpark**

Svæðisgarðurinn Telemarkskanalen er nýjasti svæðisgarðurinn, settur á laggirnar af [Telemark fylki ásamt 6 sveitarfélögum á svæðinu](#) og Telemarkskanalen FKF (fylkeskommunalt foretak - byggðasamlag innan fylkis).

Undirbúningur stóð yfir árin 2006-2010, en svæðisgarðurinn var formlega stofnaður í ársbyrjun 2011. Stefna svæðisgarðsins (parkplan) var skilgreind og markmiðin með starfi svæðisgarðs voru í sinni einföldustu mynd: *Fleiri íbúar, meiri atvinna.*

Formlega tekur svæðisgarðurinn til starfa í ársbyrjun 2012, með 2 starfsmönnum á vegum garðsins. Í erindi sem Frida Sviland flutti á fundinum þann 2.-3. nóv. (sjá ofar) kom fram að áætlun geri ráð fyrir að 3 millj. NOK (ca. 60-63 millj. ÍSK) verði lagðar í starfsemina á árinu 2012. Þetta er fyrst og fremst stjórnsýslulegt samstarf stofnaðila og yfir garðinum er pólitískt kjörin stjórn ("politisk styre").

Hugsunin er að koma af stað breytingum og langtíma þróun sem byggist á verkefnum sem tengjast og styðja við ferðaþjónustu, landmótun og búsetugæði.

Hér hefur rauði þráðurinn í þróun og uppbyggingu svæðisgarðsverkefnisins verið landslag og þróun þess. Byggt er á Evrópska landslagssáttmálanum, og mikill metnaður lagður í skipulag til framtíðar, þar sem landslag er í forgrunni. Byggt var á landslagsgreiningu í vinnunni (landskabsressursanalyse) eins og ætlunin er að gera á Snæfellsnesi.

Þegar spurt er, hvaða hlutverk evrópski landslagssáttmálinn hafi leikið í þróunarvinnunni hér - eða hvernig þau útskýri þátt hans, þá fengum við það svar, að í sinni einföldustu mynd þá segði landslagssáttmálinn það, að fólkið sjálft sem "býr í landslaginu" eigi rétt á að ákveða hvernig landslagið þróast og hvernig farið sé með það. Heimamenn eigi að ákveða og móta stefnu um hvað landslagið þýði og hvernig þeir vilji nýta það, en ekki (bara) að taka við "ábendingum eða skipunum utan frá" um hvernig eigi að fara með það.



## Kynning á svæðisgörðum í undirbúningi og öðrum áhugasömum svæðum


### Haldenkanalen

Það eru sveitarfélögin Aurskog - Høland, Marker, Aremark og Halden kommune, sem standa að því að undirbúa stofnun svæðisgarðs, ásamt Østfold fylki.

Halden er hinn skipaskurðurinn í Noregi, byggður 1852-1860 (Telemark er hinn).

Alls hafa um 25 gufubátar ferjað fólk og vörur um skurðinn á mismunandi tímum, en í dag eru 6 af þessum 25 bátum enn til og sigla með ferðamenn eftir skurðinum.

Á árunum 2007-2009 fór fram umfangsmikil uppbygging á mannvirkjunum og nam kostnaður við þá fjárfestingu um 20 millj. NOK (rúmar 400 millj. ÍSK) og lagði ríkið til rúman helming þess fjár, á móti Østfold fylki og sveitarfélaginu Haldenkanalen.



*Haldenkanalen er rauði punkturinn á kortinu.  
Finnskogen merkt með bláu þar norður af,  
á landamærum Noregs og Svíþjóðar.*

### **Finnskogen**

Fundurinn var haldinn í Finnskogen, sem er svæði beggja vegna landamæra Noregs og Svíþjóðar. Þarna voru forsvarsmenn verkefnisins og svæðisins, nokkuð margir saman komnir. Þau kynntu það sem gert hefur verið í skoðun og undirbúningi. Formlega er ekki búið að taka ákvörðun um stofnun svæðisgarðs, en á máli fulltrúanna mátti heyra að þau voru mjög áfram um það.

Í Finnskogen mætist norsk og sænsk menning, auk þess sem „Finnakulturen“ er líka ráðandi á svæðinu, eftir því sem fram kom í kynningum. Greinilegt var að samstarf yfir landamærin vakti töluverða athygli og þótti til fyrirmýndar.

### **Numedal**

Þar var í forsvari ung stúlka, arkitekt, sem var flutt "heim aftur" og leiddi hóp ungs fólks í Numedal, sem vildi skoða tækifæri svæðisins og jafnvel möguleika á að gerast svæðisgarður. Hún kynnti svæðið og þeirra frumkvæði.

Gaman að sjá að þarna var frumkvæðið í höndum unga fólksins sem vildi gjarnan búa á svæðinu og skapa sér atvinnutækifæri til framtíðar. Þau sáu svæðisgarð sem vænlegan kost til að koma nýrri hugsun og þróun af stað.

### **Varanger Siida - svæði á heimsminjaskrá**

Varanger er nes (peninsula) norð-austast í Noregi, í Finnörku sem er nyrsta fylki Noregs. Samamenningin er þar mjög ráðandi enda er þetta hluti af Lapplandi. Svæðið býr yfir ríku dýralífi og einstakri náttúru sem einkennist af því hve svæðið er nálægt norðurheimskautinu.

**Amund Steinbakken** flutti erindi og kynnti þeirra starf, en þau vilja fylgjast með og hafa verið með vinnuhóp í gangi sem settur var á laggirnar á árinu 2011. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um stofnun svæðisgarðs, en svæðið hefur um nokkurt skeið unnið með náttúru- og menningararf sinn, er m.a. á heimsminjaskrá Unesco og þar er líka þjóðgarður.

**Amund svaraði því af hverju þau** ættu að stofna svæðisgarð með því að segja: til að skapa samlegð, til að standa sameiginlega að kynningu og markaðssetningu á Varanger og til að skapa sameiginlegan skilning á því að samvinna borgar sig.